

25.06.2023 (#3 2023-2024) kl. 17:00

### Fundurinn fer fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mættir eru stjórnarmennirnir **Valerie Maier**, **Margrét Ágústsdóttir**, **Sveinn Símonarson**, **Margrét J. Magnúsdóttir**, og **Ragnar Fjalar Sævarsson**, sem jafnframt ritar fundargerð, en Sædís Jónsdóttir, Katrín Pálsdóttir og Hildur Andrjესdóttir voru fjarverandi. Þá sat **Geir Ómarsson** verkefnastjóri fundinn.

Valerie Maier stýrir fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Fundagerð síðasta fundar
2. Nefndarvinna - skýrsla frá nefndum
3. Reglugerðir mótanefnd og útbreiðslunefnd - til samþykkis
4. Fjárhagsstaða ÞRI, upplýsingar fra gjaldkera
5. Stefnumótun staða
6. Príbraut á Selfossi
7. Pontevedra upplýsingar
8. Guðlaug Edda sjúkrasaga og fundur med ISI, fjárrstuðningur
9. Önnur mál

## 1. Dagskrárefni

Valerie leggur fram fundargerð síðusta fundar og biður stjórnarfólk um að koma með athugasemdir eða staðfesta fundargerðina. Engin athugasemd.

*Fundargerð samþykkt.*

## 2. Nefndarvinna – skýrsla frá nefndum

### Mótanefnd

Geir fer yfir stöðuna í mótanefnd. Nefndin hefur einbeitt sér að ljúka vinnu við reglugerðina sem er nú á lokametrunum.

### Dómaranefnd

Margrét Magnúsdóttir fer yfir stöðuna í dómaranefndinni. Þau funda ekki yfir sumartímam. Var fundað í vor og gerð reglugerði í febrúar. Nú er fokus um að halda utan um mót. Í haust á að fara yfir og uppfæra íslensku reglurnar. Reglugerðin var komin til Inga til yfirlstrar.

### Afreksnefnd

Sveinn fer yfir stöðuna varðandi afreksnefndina en hún er ekki enn full mönnuð og því ekki starfandi.

### Útbreiðslunefnd

Katrín er ekki á fundinum en Geir segir að Katrín sé komin langt með drög að reglugerð. Stjórn skoðar í framhaldinu drögin og umræður fara fram um efnisleg atriði.

### Siðanefnd

Vinna við reglugerð er klár.

---

Stefnt er að því að leggja reglugerðir allra nefnda fyrir stjórn á næsta fundi til samþykktar og setja þær í framhaldinu á vefinn.

### 3. Reglugerðir mótanefnd og útbreiðslunefnd - til samþykkis

Til stóð að fara sérstaklega yfir reglugerðir móta- og útbreyðslunefndar en þar sem Katrín er ekki á fundinum þá mun yfirferð og umræða um reglugerð útbreyðslunefndar bíða til næsta stjórnarfundar.

Umræða fer fram um reglugerð mótanefndar sem Geir leggur fyrir og stjórnarfolk fer yfir. Umræða um útfærslur einstakra liða fer fram. Samþykkt er að gera smávægilegar breytingar sem munu verða sendar á alla stjórnarmenn til yfirlstrar og samþykktar og í framhaldinu verður reglugerð mótanefndar sett á vef ÞRÍ.

### 4. Fjárhagsstaða ÞRI, upplýsingar frá gjaldkera

Margrét Ágústsdóttir fer yfir stöðu fjármála og umræða fer fram í kjölfarið.

### 5. Stefnumótun staða

Ragnar fer yfir stöðu stefnumótunarvinnu en stefnt er að því að hafa stefnumótunarfund með hagaðilum í byrjun hausts. Ragnar leggur til að ÞRÍ gangi að tilboði Strategíu í umsjón stefnumótunarfundar ásamt undirbúningi og samantektar.

#### *Tillaga samþykkt*

Eftir umræður um bæði stefnumótun og markaðs- og kynningarmál er lögð fram tillaga að skipta fjármagni sem veitt var til bæði stefnumótunar og markaðs- og kynningarmála í tvennt þannig að 80% færi til markaðs- og kynningarmála í sumar og 20% í stefnumótunarvinnu.

#### *Tillaga samþykkt*

## 6. Príbraut á Selfossi

Geir og José hafa verið að kanna möguleika á að flytja sprettbrautina sem ÞRÍ heldur árlega úr Kjósinni og til Selfoss. Geir fór yfir stöðuna en hann hefur verið í sambandi við bæjarstjórn og formann UMFS. Hann væntir þess að skýr svör berist frá þeim í næstu viku um hvort þetta sé möguleiki.

## 7. Pontevedra upplýsingar

World Triathlon aldursflokkakeppni í ólympískri príbraut verður haldin 22. -24. september í Pontevedra á Spáni. Katrín og Geir hafa leitt þetta verkefni. 6-7 einstaklingar eru ákveðnir í að taka þátt og hver fer á sínum vegum. ÞRÍ pantar búninga og tillaga er lögð fram um að styrkja hvern keppenda með kaup á búningum.

*Tillaga samþykkt*

## 8. Guðlaug Edda sjúkrasaga og fundur med ISI, fjárstuðningur

Valerie og Geir fara yfir sjúkrasögu Guðlaugar Eddu og hvernig staðan er á þessum tímamarki. Guðlaug er í meðferð hjá tveimur læknum, annar er mjaðmasérfræðingur og hinn er bæklunarlæknir. Stefnt er að því að hún fari í 4-5 vikna meðferð hjá lækni vegna meiðsla í mjöðm en það er mögulegt að hún þurfi að fara í aðgerð í framhaldinu ef meðferðin ber ekki árangur. Guðlaug Edda hefur leitað eftir stuðningi frá ÞRÍ ef hún þarf að fara í kostnaðarsama aðgerð til Bandaríkjanna. Stjórn ÞRÍ samþykkir samhljóða að styðja við bakið á Guðlaugu Eddu.

## 9. Önnur mál

Umræða fer fram um vef ÞRÍ og að stundum komi villa í síma eða í spjaldtölvu. Geir er falið að skoða málið nánar.

Fundi slitið kl. 19:01

### Næsti stjórnarfundur

Lögð fram tillaga að næsta stjórnafund: 13. ágúst 2023 kl 17:00.

*Tillaga samþykkt*

Fundargerð yfirfarinn og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum.